

Um könnunina

Viðhorfakönnun meðal íbúa á Raufarhöfn og Austur-Sléttu er liður í að meta árangur af verkefninu Brothættar byggðir. Könnunin var unnin af umsjónarfólki Brothættra byggða á þróunarsviði Byggðastofnunar og m.a. notaðar spurningar úr skýrslu Bjarka Þórs Grönfeldt og Vífils Karlssonar *Byggðabragur: Félagssálfræðileg rannsókn á þremur íslenskum sveitarfélögum* frá ágúst 2024. Könnunin var í boði á þremur tungumálum, íslensku, ensku og pólsku og svör verða ekki rakin til einstakra svarenda, né heldur eftir tungumáli sem valið var í könnuninni.

Könnunin var lögð fyrir í apríl 2025. Tengli á könnunina var dreift á samfélagsmiðlum og með upplýsingum frá verkefnisstjóra beint til íbúa á Raufarhöfn og Austur-Sléttu.

Í upphafi árs 2025 voru skráðir 92 íbúar yfir 18 ára aldri. Alls bárust 59 svör við könnuninni og þátttaka því um 64%. Þar af svöruðu 53 bakgrunnsspurningum og að hámarki svaraði 41 þátttakandi spurningum eftir bakgrunnsspurningarnar, þ.e. 44% íbúa yfir 18 ára aldri.

Könnunin var opin öllum sem höfðu aðgang að tenglinum og því ekki mögulegt að útiloka að aðrir en skráðir íbúar hafi tekið þátt. Það er á hinn bóginn ekkert sem bendir til að svo hafi verið.

Könnun á viðhorfum íbúa til samfélagsins á Raufarhöfn og Austur-Sléttu í apríl 2025 (íslenska, pólska og enska)

Kæri íbúi á Raufarhöfn og Austur-Sléttu!

Þú ert vinsamlegast beðin(n) um að svara könnun sem hér fer á eftir um viðhorf þitt til verkefnisins Raufarhöfn og framtíðin (ROF) og fyrirhugaðs tilraunaverkefnis um eftirfylgni næstu þrjú ár, Raufarhöfn og framtíðin II (ROF II). Tilgangur könnunarinnar er að ná fram viðhorfum íbúa við upphaf þátttöku í tilraunaverkefni um eftirfylgni við grunnverkefni Brothættra byggða sem Byggðastofnun slepti hendinni af fyrir nokkrum árum. Mikilvægt er að að meta árangur í einstökum byggðarlögum og verkefni Brothættum byggðum í heild og því förum við þess á leit við þig að taka þátt í þessari könnun.

Mikilvægt er að ná sem hæstu svarhlutfalli í könnuninni til að varpa ljósi á stöðu byggðarlagsins og viðhorf íbúa til grunnverkefnisins og komandi tilraunaverkefnis. Einnig er mikilvægt að hver þátttakandi svari sem flestum spurningum. Ekki er hægt að rekja einstaka svör til einstaklinga. Þú getur smellt á eftirfarandi tengil til að taka þátt í könnuninni, en hún verður opin til 30. apríl næstkomandi.

Með góðum kveðjum,

Helga Harðardóttir og Kristján Þ. Halldórsson, fulltrúar Brothættra byggða hjá Byggðastofnun.




Bakgrunnsspurningar

aldur

kyn


störf

ofl.




Sp. 2 Hvert er kyn þitt?:

Svarað: 53 Sleppt: 6




Sp. 3 Aldur?:

Svarað: 53 Sleppt: 6




Sp. 4 Hef(ur) búið á Raufarhöfn eða Austur-Sléttu í

Svarað: 53 Sleppt: 6



Sp. 5 Tengsl við Raufarhöfn og Austur-Sléttu


Svarað: 53 Sleppt: 6



Könnun á viðhorfum íbúa til samfélagsins á Raufarhöfn og Austur-Sléttu í apríl 2025 (íslenska, enska og pólska)


Sp. 6 Menntun - vinsamlegast merktu við hæsta menntunarstig sem þú hefur lokið.

Svarað: 53 Sleppt: 6



Sp. 7 Hver er staða þín á vinnumarkaði? - vinsamlegast merktu við það sem á helst við um þig.

Svarað: 53 Sleppt: 6



Spurningar um tengsl íbúa við samfélagið á Raufarhöfn og Austur-Sléttu




Myndir teknar á Raufarhöfn - KPH




Sp. 8 Telur þú almennt séð, það vera gott eða slæmt að búa þar sem þú býrð?

Svarað: 41 Sleppt: 18




Sp. 9 Félagsstörf – ég tek þátt, eða hef tekið þátt í eftirfarandi síðastliðna 12 mánuði (merktu við allt sem við á):

Svarað: 39 Sleppt: 20



Sp. 10 Á heildina litið, hversu jákvætt eða neikvætt er viðhorf þitt til þjónustu (í víðum skilningi) í byggðarlaginu?

Svarað: 41 Sleppt: 18



Sp. 11 Hvað finnst þér einkenna samfélagið á Raufarhöfn og Austur-Sléttu öðru fremur? Vinsamlegast nefndu þrjú atriði (þau þurfa ekki að vera í röð eftir mikilvægi).

Svarað: 31 Sleppt: 28

- Í spurningunni er óskað eftir allt að þremur atriðum frá hverjum svaranda könnunarinnar. Atriðin eru ekki í forgangs röð.
- Á næstu myndum eru svörin dregin saman í flokka og gerð grein fyrir þeim í töflu fyrir hvern eftirfarandi flokk:

- **Mannlíf og samfélag (54 svör)**
- **Sveitarfélag og þjónusta (13 svör)**
- **Náttúra og umhverfi (14 svör)**
- **Atvinnulíf og innviðir (4 svör)**

Sp. 11 Hvað finnst þér einkenna samfélagið og Raufarhöfn og Austur-Sléttu öðru fremur?

Samantekt svara (mynd 1 af 2)

Mannlíf og samfélag (54) dæmi:		Sveitarfélagið og þjónusta (13) dæmi:
<ul style="list-style-type: none">• Seigla• Vinalegt• Lokað, neikvætt• Gott fólk• Samheldni íbúa• Klíkuskapur• Rólegheit• Vinátta og samvinna• Ró og næði• Eldra fólk í meirihluta• Einelti• Illmælggi• Gleði	<ul style="list-style-type: none">• Jákvæðni• Traust umhverfi• Gott eldri borgara starf• Rólegur lífsstíll• Nálægð• Fámenni• Náungakærleikur• Frelsi• Of fá börn• Hugrekki• Kjarkleysi• Dugnaður• Gott félagslíf	<ul style="list-style-type: none">• Litlar framkvæmdir• Þarf að berjast fyrir allri þjónustu, sama hvað er• Góð aðstaða til líkamsræktar• Alls ekki tekið vel í kvartanir íbúa varðandi það sem betur má fara• Tækifæri út um allt• Miklar væntingar um að eitthvað muni gerast til að samfélagið stækki en lítið frumkvæði frá fólkinu sjálfu• Jaðarsvæði í Norðurþingi• Frábær þjónusta á öllum stöðum hjá starfsmönnum, s.s. hjá verkstæðinu, í búðinni og í stjórnsýsluhúsinu• Lítið mark tekið á kvörtunum s.s. vegna ónýtra gangstétta• Þarf að berjast fyrir skólanum

Sp. 11 Hvað finnst þér einkenna samfélagið og Raufarhöfn og Austur-Sléttu öðru fremur?


Samantekt svara (mynd 2 af 2)

Náttúra og umhverfi (14) dæmi:	Atvinnulíf og innviðir (4) dæmi:
<ul style="list-style-type: none">• Smæð• Kyrrð og friðsæld• Nálægð við náttúruna• Öryggi• Náttúrufegurð• Umhverfið er hreint og snyrtilegt• Staðsetning á landsvísu	<ul style="list-style-type: none">• Enginn áhugi á nýsköpun eða iðnaði• Einokun í atvinnulífi• Mjög lélegar samgöngur

Sp. 12 Hvernig metur þú menningarlíf á skalanum 1-7 („1 = mjög fábreytt“, yfir í „7 = mjög fjölbreytt“)?


Svarað: 41 Sleppt: 18

Menningarlíf á skalanum 1-7



Sp. 13 Hvernig metur þú stöðuna í atvinnulífi á Raufarhöfn og Austur-Sléttu?

Svarað: 41 Sleppt: 18




Könnun á viðhorfum íbúa til samfélagsins á Raufarhöfn og Austur-Sléttu í apríl 2025 (íslenska, enska og pólska)

Sp. 14 Ef þú hugsar um umhverfið og samfélagið á Raufarhöfn og Austur-Sléttu, að hve miklu leyti ertu sammála eftirfarandi fullyrðingum á skalanum 1 - 7? („1 = á mjög illa við“ yfir í „7 = á mjög vel við“):


Svarað: 41 Sleppt: 18

- Það er eitthvað við landslagið og umhverfið hér sem fær mig til að líða vel.
- Svæðið býr yfir eiginleikum sem ég met mikils.
- Ég á góða vini og nágranna hér.
- Hér er gott mannlíf.
- Mér líður vel hér í byggðarlaginu.
- Mér finnst ég vera hluti af sögu og menningu svæðisins.




Sp. 15 Ef þú hefur tækifæri til að flytja úr byggðarlaginu (Raufarhöfn og Austur-Sléttu) núna, hversu líklegt eða ólíklegt er að þú flytjir úr byggðarlaginu tímabundið?

Svarað: 41 Sleppt: 18




Sp. 16 Ef þú hefðir tækifæri til að flytja úr byggðarlaginu (Raufarhöfn og Austur-Sléttu) núna, hversu líklegt eða ólíklegt er að þú flytjir úr byggðarlaginu fyrir fullt og allt?

Svarað: 41 Sleppt: 18



Sp. 17 Hversu líklegt eða ólíklegt er að þú flytjir úr byggðarlaginu (Raufarhöfn og Austur-Sléttu) á næstu tveimur til þremur árum?


Svarað: 41 Sleppt: 18



Sp. 18 Að hve miklu leyti ert þú sammála eftirfarandi fullyrðingu: „Ég á margt sameiginlegt með öðrum íbúum Raufarhafnar og Austur-Sléttu“ ?Vinsamlegast gefið einkunn á bilinu 1 til 7 þar sem „1 = á mjög illa við“ yfir í „7 = á mjög vel við“.

Svarað: 39 Sleppt: 20


„Ég á margt sameiginlegt með öðrum íbúum Raufarhafnar og Austur-Sléttu.“



Sp. 19 Að hve miklu leyti ert þú sammála eftirfarandi fullyrðingu: „Almennt séð þá er það að vera íbúi á Raufarhöfn eða Austur-Sléttu mikilvægur hluti af sjálfsmynd minni“ ? Vinsamlegast gefið einkunn á bilinu 1 til 7 þar sem „1 = á mjög illa við“ yfir í „7 = á mjög vel við“.

Svarað: 39 Sleppt: 20


„Almennt séð þá er það að vera íbúi á Raufarhöfn eða Austur-Sléttu mikilvægur hluti af sjálfsmynd minni.“



Sp. 20 Að hve miklu leyti ert þú sammála eftirfarandi fullyrðingu: „Þetta er samhent samfélag.“? Vinsamlegast gefið einkunn á bilinu 1 til 7 þar sem „1 = á mjög illa við“ yfir í „7 = á mjög vel við“.

Svarað: 38 Sleppt: 21


„Þetta er samhent samfélag.“



Sp. 21 Að hve miklu leyti ert þú sammála eftirfarandi fullyrðingu: „Fólk hér á svæðinu er alltaf reiðubúið til að hjálpa nágrönnum sínum.“? Vinsamlegast gefið einkunn á bilinu 1 til 7 þar sem „1 = á mjög illa við“ yfir í „7 = á mjög vel við“.

Svarað: 41 Sleppt: 18


„Fólk hér á svæðinu er alltaf reiðubúið til að hjálpa nágrönnum sínum.“



Sp. 22 Að hve miklu leyti ert þú sammála eftirfarandi fullyrðingu: „Mér finnst ég vera þátttakandi í þessu samfélagi.“? Vinsamlegast gefið einkunn á bilinu 1 til 7 þar sem „1 = á mjög illa við“ yfir í „7 = á mjög vel við“.

Svarað: 41 Sleppt: 18


„Mér finnst ég vera þátttakandi í þessu samfélagi.“



Sp. 23 Að hve miklu leyti ert þú sammála eftirfarandi fullyrðingu: „Ég get haft áhrif á það sem gerist í þessu samfélagi.“? Vinsamlegast gefið einkunn á bilinu 1 til 7 þar sem „1 = á mjög illa við“ yfir í „7 = á mjög vel við“.

Svarað: 40 Sleppt: 19


„Ég get haft áhrif á það sem gerist í þessu samfélagi.“



Sp. 24 Að hve miklu leyti ert þú sammála eftirfarandi fullyrðingu: „Mér finnst ég tengjast þessu samfélagi.“? Vinsamlegast gefið einkunn á bilinu 1 til 7 þar sem „1 = á mjög illa við“ yfir í „7 = á mjög vel við“.


Svarað: 41 Sleppt: 18

„Mér finnst ég tengjast þessu samfélagi.“




Sp. 25 Hefur þú nýtt þér ráðgjafabjónustu á vegum Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra, SSNE, í formi ráðgjafar, vegna lánsúmsókna og/eða styrkúmsókna á síðustu árum?

Svarað: 41 Sleppt: 18





Sp. 26: Hversu vel eða illa þekkir þú til byggðapróunarverkefnisins Raufarhöfn og framtíðin sem stóð yfir í samfélaginu á og við Raufarhöfn á árunum 2013-2017?

Svarað: 34 Sleppt: 25



Spurningar um verkefnið Brothættar byggðir




Myndir teknar á sýningu í lýsistönkunum á Raufarhöfn í ágúst 2025 - KPH

Könnun á viðhorfum íbúa til samfélagsins á Raufarhöfn og Austur-Sléttu í apríl 2025 (íslenska, enska og pólska)

Sp. 27 Að hvaða marki stóðust væntingar þínar til verkefnisins Raufarhafnar og framtíðarinnar?

Svarað: 34 Sleppt: 25




Dæmi um rökstuðning:

- Þetta gæti verið tækifæri fyrir samfélagið
- Fékk ekki að nýta tækifærin sem voru í boði s.s.
- Sérstakur byggðakvóti til Raufarhafnar hefur ekki skilað nógu miklu til samfélagsins.....
- Var ekki búandi á Raufarhöfn á þeim tíma
- Fannst það ekki skila neinu
- Verkefnisstjóri oft kaffærður í óþarfa pappírsvinnu....


Sp. 28 Hversu mikinn eða lítinn þátt tókstu í verkefninu Raufarhöfn og framtíðinni? (Hér er t.d. átt við þátttöku á íbúáþingi, árlegum íbúafundum, samtölum við verkefnisstjóra og/eða þátttöku í frumkvæðisverkefnum).

Svarað: 34 Sleppt: 25




Sp. 29 Hversu auðvelt eða erfitt fannst þér að fylgjast með og hafa yfirsýn yfir viðfangsefni á dagskrá verkefnisins Raufarhafnar og framtíðarinnar á verkefnistímanum?

Svarað: 34 Sleppt: 25




Sp. 30 Finnst þér að í verkefninu Raufarhöfn og framtíðinni hafi tekist vel eða illa að virkja íbúa til að þróa samfélagið?

Svarað: 34 Sleppt: 25




Sp. 31 Gáfust íbúum á Raufarhöfn og Austur-Sléttu mörg eða fá tækifæri til þess að taka þátt í forgangsröðun verkefna í byggðarlaginu þann tíma sem verkefnið Raufarhöfn og framtíðin stóð yfir?

Svarað: 33 Sleppt: 26




Sp. 32 Finnst þér að á verkefnistímanum hafi tekist vel eða illa til við að stilla saman strengi ríkis, sveitarfélags, opinberra stofnana, atvinnulífs og íbúa í ákvörðunum sem varða Raufarhöfn og Austur-Sléttu?

Svarað: 33 Sleppt: 26




Sp. 33 Finnst þér það hafa skipt miklu eða litlu máli að hafa starfandi verkefnisstjóra í verkefninu á sínum tíma og í framhaldi af verkefninu?

Svarað: 33 Sleppt: 26




Sp. 34 Finnst þér styrkir sem voru veittir í tengslum við verkefnið Raufarhöfn og framtíðina hafa skipt miklu eða litlu máli í viðleitni til framfara í byggðarlaginu á verkefnistímanum?

Svarað: 34 Sleppt: 25




Sp. 35 Ert þú sammála eða ósammála þeirri nálgun í verkefninu að láta það taka til margra þátta samfélagsins fremur en til atvinnumála eingöngu?

Svarað: 34 Sleppt: 25




Sp. 36 Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með árangur verkefnisins Raufarhafnar og framtíðarinnar á sínum tíma þegar á heildina er litið?

Svarað: 34 Sleppt: 25




Sp. 37 Hversu miklu eða litlu máli telur þú það skipta að áfram verði unnið með framtíðarsýn og markmið verkefnisins Raufarhafnar og framtíðarinnar í þriggja ára tilraunaverkefninu sem nú er að hefjast, Raufarhöfn og framtíðinni II?

Svarað: 33 Sleppt: 26




Sp. 38 Hversu miklar eða litlar væntingar hefur þú til þriggja ára tilraunaverkefnisins sem nú er að hefjast, Raufarhafnar og framtíðarinnar II?

Svarað: 34 Sleppt: 25



Sp. 39 Hversu mikið eða lítið gætir þú hugsað þér að taka þátt í verkefninu Raufarhöfn og framtíðinni II? (Hér er t.d. átt við þátttöku á íbúafundum, samtölum við verkefnisstjóra og/eða þátttöku í frumkvæðisverkefnum.)

Svarað: 34 Sleppt: 25



Sp. 40 Er eitthvað sem þú vilt koma á framfæri að lokum (ef svo er, þá hvað, opin spurning.)

Svarað: 10 Sleppt: 49

Dæmi um svör:

- Gott væri að hreinsunaráttak yrði sett í gang, því í kringum sum hús er ástandið óviðunandi
- Eru núverandi reglur um skiptingu almenna byggðakvótans að skila sér nægilega vel til íbúa (útgerðaaðila) Raufarhafnar?
- Mér finnst þetta verkefni brothætt byggð ekki hafa skilað nokkru í okkar samfélag
- Æskilegt að þegar verkefni til uppbyggingar er í gangi sé ríkisvaldið ekki að skaða byggðarlögin með hinni hendinni
- Sveitarfélagið þyrfti að vera opnara fyrir því að byggja hér upp húsnæði sem er mikil vöntun á. Eins þarf að bæta viðhorf sveitarfélagsins til svæðisins
- Leyfa öðrum, til dæmis litlu útgerðarfélagunum, að fá að njóta þess sem er boði

Íbúum er þakkað fyrir þátttökuna!



Mynd tekin á sýningu í Lýsistönkunum á Raufarhöfn í ágúst 2025 - KPH



Könnun á viðhorfum íbúa til samfélagsins á Raufarhöfn og Austur-Sléttu í apríl 2025 (íslenska, enska og pólska)